

1. Stjórn skiptir verkum.

Þar sem um er að ræða fyrsta stjórnarfund nýrrar stjórnar þurfti stjórnin að skipta með sér verkum. Ákveðið vara að Pétur St Arason gegndi stöðu varaformanns og Óskar Þór Guðmundsson stöðu ritara. Formaður og varamaður í stjórn voru kosnir beinni kosningu.

2. Gjaldskrá Kaj.

Aðalfundur Kaj fól stjórn að ákveða gjaldskrá fyrir klúbbinn. Nokkrar umræður sköpuðust um þennan lið og voru menn almennt sammála um að hafa gjöld til félaga í lægri kantinum. Eftirfarandi var ákveðið.

Árgjald: 2.000 kr. en ef tveir eða fleiri í sömu fjölskyldu eru í klúbbnum, greiðir fjölskyldan saman 3.500 kr. (tveir eða fleiri).

Aðstöðugjald: 1000 kr. og aðeins verði greitt eitt aðstöðugjald á hverja fjölskyldu. Aðstöðugjaldið verði notað í að bæta aðstöðuna.

Einnig var ákveðið að senda út greiðsluseðla vegna þessara gjalda í maí ár hvert.

3. Skráning Kaj á leit.is

Aðalfundur fól stjórn að meta hvort klúbburinn ætti áfram að vera skráður hjá leit.is eða hvort rétt væri að rifta þeirri skráningu. Samþykkt að vera áfram á skrá.

4. Flotbryggja.

Ari kynnti hugmyndir um smíði flotbryggju neðan við félagsaðstöðuna.

Nokkrar umræður voru um það hverskonar bryggja væri best á þessum stað.

Ákveðið var að Pálmi teiknaði bryggju og gerði efnisplan og Ari sér um að sækja um styrk og leyfi til Hafnarsjóðs.

5. Þvottakar.

Búið var að bjóða klúbbnum þvottakar úr áli til að hafa í félagsaðstöðunni svo gott sé að skola gallana eftir sjóferðir. Ara falið að hafa samband við Jóa Gísla vegna þessa.

6. Aldurstakmörk.

Rætt var um það hversu ung börn við gætum tekið með í félagastarfið án þess að þau væru í fylgd með fullorðnum. Ákveðið var að þegar um námskeið eða aðra viðlíka viðburði væri að ræða yrði að meta þetta í hvert sinn. Aftur á móti voru menn sammála um að í sjóferðum (t.d. þriðjudagsróðrum á sumrin) yrðu yngri en 12 ára að koma í fylgd með fullorðnum.



Félag kajakraðara á Austurlandi

Fundi lokið kl. 18:00

Fundinn sátu:

Ari Benediktsson, formaður
Pétur St Arason, varaformaður

Óskar Þór Guðmundsson, ritari
Pálmi Benediktsson, varamaður